

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Nú líður að ársfundi Fjölmenntar. Síðasta starfsár hefur verið farsælt. Niðurskurðaraðgerðir síðustu ára hafa borið þann árangur að nú er fjárhagur stofnunarinnar kominn í jafnvægi. Það setur starfsemina alla í betra jafnvægi og gefur okkur möguleika til sóknar til nýrra verkefna í þágu þeirra sem nýta sér þjónustu Fjölmenntar.

Nýr kjarasamningur var gerður við kennara Fjölmenntar á síðasta ári. Í honum felast umtalsverðar breytingar á vinnufyrirkomulagi hjá Fjölmennt sem eru í betra samhengi við símenntunarhlutverk stofnunarinnar. Þær breytingar hafa komið starfseminni til góða og kalla á enn frekari þróun námskeiða. Með nýju fyrirkomulagi er öll samvinna auðveldari og meiri sveigjanleiki verður í starfseminni. Þá gefast ný tækifæri til árstíðabundins námskeiðshalds s.s. sumarnámskeið tengt útivist, hreyfingu eða garðyrkju. Tillögur frá notendum þjónustunnar um ný námskeið eru vel þegar. Kennarar fengu í sinn hlut talsverðar launahækkanir. Fjölmennt býr að því að hafa góðan kennarahóp að störfum. Það er viji okkar að Fjölmennt verði áfram eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfsfólk fær notið hæfileika sinna og eflist og þróast í starfi.

Á starfsárinu voru ný verkefni í þróun. Í Vínlandsleið er boðið upp á nýja námsleið fyrir fólk með flóknar þjónustubarfir á vorönn 2015 en einnig verður boðið upp á heildstæða námsleið á Selfossi og á Vesturlandi næsta haust í samvinnu við Fjölmennt. Þetta er sá hópur sem hefur minnstan aðgang að hvers kyns tómstundatilboðum eða vinnu og því mikilvægt að geta staðið vel að námskeiðshaldi í formi símenntunar fyrir þessa einstaklinga. Von okkar er sú að víðar verði unnt að bjóða slík námskeið. Myndlistaskólinn í Reykjavík mun bjóða upp á 2ja ára diplómanám í myndlist frá hausti 2015. Um er að ræða nýja heildstæða námsbraut sem er samstarfsverkefni Myndlistaskólans og Fjölmenntar. Námið verður viðbót við það myndlistarnám sem þegar er í boði fyrir nemendur Fjölmenntar. Þá er þess að geta að stjórn Fjölmenntar hefur ákveðið að hætta formlegum stuðningi við diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við HÍ. Það er mat okkar að eftir 8 ára reynslu hafi námið sannað gildi sitt og sé komið til að vera sem eðlilegt námstilboð við HÍ. Mikilvægt er að stuðla að enn frekari námstækifærum fyrir nemendur Fjölmenntar og er unnið markvisst að því.

Þjónustusamningur Fjölmenntar við mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út um síðustu áramót og er unnið að því að klára áframhaldandi samning til næstu þriggja ára. Aðilar eru sammála um að áfram skuli haldið á sömu braut og gert hefur verið síðustu fjögur ár. Lögð er áhersla á það hlutverk Fjölmenntar að bjóða símenntun því fólki sem vegna fötlunar sinnar getur ekki nýtt sér önnur símenntunartilboð. Þá er lögð áhersla á ráðgjafarhlutverk stofnunarinnar og stefnt að áframhaldandi útvistun kennslu til símenntunarstofnana um land allt. Reynslan af samningum við símenntunarstofnanir landsins er góð, fleiri námstilboð hafa orðið til og mikil þróun í námskeiðshaldi alls staðar á landinu.

Það er bjart yfir starfsemi Fjölmenntar eftir erfitt tímabil niðurskurðar og óvissu. Það er mat okkar sem stöndum í forystu fyrir stofnunina að jafnvægi sé náð varðandi fjárhag og starfsmannahald og að spennandi tímar séu framundan í þróun nýrra námstilboða og tækifæra fyrir nemendur Fjölmenntar.

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Gerður A. Árnadóttir formaður

## INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar-og þekkingarmiðstöðvar árið 2014. Skýrslan er í 4 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum kafla er fjallað um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar. Þriðji kafli fjallar um nám fyrir fólk með geðfötlun og sá fjórði er um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjölum má síðan sjá tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

## STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar:

Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp  
Vilborg Jóhannesdóttir, varaformaður, skipuð af menntavísindasviði Háskóla Íslands  
Þorsteinn Jóhannsson, ritari, skipaður af Öryrkjabandalagi Íslands  
Elsa Sigríður Jónsdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp  
Erna Arngrímsdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands.

Varamenn:

Aileen Soffía Svendsdóttir og Sigmundur Stefánsson skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp.  
Kristján Sigurmundsson og Sigrún Gunnarsdóttir skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands.

Stjórnarfundir á árinu 2014 voru 11 talsins. Ársfundur var haldinn 2. júní.

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ MENNTA OG-MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Þjónustusamningur sem tók gildi í byrjun árs 2011 var framlengdur út árið 2014. Í nóvember hófst vinna við nýjan samning en ekki náðist að ljúka honum á árinu. Það er þó frágengið að umfang og verkefni sem Fjölmennt eru ætluð verða óbreytt miðað við eldri samning.

## 1. STARFSEMIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

### STARFSTÍMI

Starfsmenn mættu til starfa þann 6. janúar og voru teknir tveir dagar til undirbúnings námskeiða. Námskeiðahald hófst 8. janúar. Kennt var til 23. maí. Námskeiðsdagar á vorönn voru 89.

Hauststarfið hófst með starfsdögum 26. ágúst og byrjuðu með námskeiðinu *Samvinna og menning á vinnustað* undir stjórn Önnu Jónu Guðmundsdóttur styrkleikabjálfa og framkvæmdastjóra Auðnu. Námskeið byrjuðu 1. september. Kennt var til 15. desember. Námskeiðsdagar á haustönn voru 76.

### STARFSFÓLK

#### **Starfsfólk á vorönn 2014:**

Forstöðumaður í 100 % starfi

15 kennarar með samtals 249 kennslustundir á viku

2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor

1 félagsliði í 100% stöðu

1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfi

3 stuðningsfulltrúar með samtals 12,5 klukkustundir á viku

Verkefnastjóri í símenntunardeild í 61% starfshlutfalli

Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun 50% starfshlutfall

Verkefnastjóri fyrir iPad kennslu 22% starfshlutfalli

Verkefnisstjóri *sendiherraverkefnis* í 20% starfshlutfalli

Rekstrarstjóri í 50% starfi

Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

#### **Starfsfólk á haustönn 2014**

Forstöðumaður í 100 % starfi

14 kennarar með samtals 232 kennslustundir á viku

2 verktakar með 5,5 klst. á viku í 12 vikur

2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor

Starfsmaður í 10% starfi vegna erlendra verkefna

1 félagsliði í 100% stöðu

1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfi

3 stuðningsfulltrúar með samtals 22,5 klukkustundir á viku

Verkefnastjóri í símenntunardeild í 74% starfshlutfalli

Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun 30% starfshlutfall

Verkefnastjóri fyrir iPad kennslu 22% starfshlutfalli

Verkefnisstjóri *sendiherraverkefnis* í 20% starfshlutfalli

Rekstrarstjóri í 50% starfi

Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

## **KENNSLUSTAÐIR FJÖLMENNTAR Í REYKJAVÍK**

Árið 2014 fór kennsla á vegum Fjölmenntar í Vínlandsleið fram á eftirfarandi stöðum:

- Vínlandsleið 14
- Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6
- Sundlaug Endurhæfingar í Kópavogi
- Sundkennsla í Sundhöllinni
- World Class í Egilshöll
- Keilusalurinn í Öskjuhlíð
- Keilusalurinn í Egilshöll
- Ökuskólinn í Mjódd
- Háaleitisbraut 11-13

## **FRÆÐSLA STARFSFÓLKS**

Í samráði við fræðslunefnd Fjölmenntar er reglulega boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk. Mikilvægt er að starfsfólk Fjölmenntar hafi alltaf yfir að ráða nýjustu kennsluháttum og kunnáttu í tækninýjungum á sviði sérkennslu. Ekki síður er mikilvægt að fylgjast með stefnum og straumum í símenntun í samfélaginu og bjóða upp á nýjungar í samræmi við þær. Réttindagæslumenn komu tvisvar með fyrirlestra á starfsmannafundi. Sérstaklega þarf að huga að nauðung og þvingun í starfi með fötluðu fólki. Með gildistöku nýrra laga þarf að tryggja að farið sé að lögum í allri umgengni við okkar nemendur.

## **NÝR KJARASAMNINGUR VIÐ FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA**

Snemma árs 2014 ákvað stjórn Fjölmenntar að taka að nýju upp samningaviðræður við Félag framhaldsskólakennara um kjarasamning sem sniðinn væri að þörfum og starfsemi Fjölmenntar. Byggt var á samningi sem náðist við félagið árið 2011 en var felldur í atkvæðagreiðslu hjá kennurum Fjölmenntar. Nefnd sem skipuð var fulltrúum úr stjórn Fjölmenntar og félags framhaldsskólakennara, fulltrúum kennara Fjölmenntar og forstöðumanni vann að samningnum sem samþykktur var með miklum meirihluta kennara í júní.

Helstu breytingar frá fyrri samningi eru:

-Miklar breytingar urðu á vinnufyrirkomulagi kennara. Starfstími kennara lengist og nú er heimilt að semja um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða. Þetta gerir kleift að halda námskeið yfir sumartímam. Þá er heimilt að semja um rýmkun dagvinnutíma á virkum dögum og um ákveðið frjálsræði um það hvar og hvenær vinnuskyldu skuli gegnt.

-Vegna samkenndu og samstarfs vegna hennar, eðli starfseminnar og hlutverka stofnunarinnar samkvæmt þjónustusamningi og skipulagsskrá er í nýjum samningi gert ráð fyrir aukinni viðveru á vinnustað í stað frjálssari vinnutíma áður.

-Gert er ráð fyrir vinnu í júní til hönnunar nýrra námskeiða, gerð námskeiðslýsinga og faglegar útfærslur á starfseminni. Þar er einnig tími fyrir nýsköpunar- og þróunarstarf.

-Gert er ráð fyrir dögum sem ætlaðir eru til undirbúnings og samstarfs við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða.

- Gert er ráð fyrir vinnudögum í ágúst undir stjórn yfirmanns. Þá eru unnin verkefni sem varða starfsemina í heild, stefnumótunarvinna, sjálfsmat stofnunarinnar, gæðaviðmið og fleiri verkefni sem yfirmaður ákveður.

Kennarar halda öllum áunnum réttindun miðað við fyrri samning svo sem aðild að lífeyrissjóði, veikindarétti, endurmenntun og orlofsrétti.

## **FJÁRHAGUR**

Við gerð nýs kjarasamnings við kennara var ljóst að launakostnaður stofnunarinnar myndi aukast verulega. Formaður stjórnar Fjölmenntar og forstöðumaður funduðu með fulltrúum menntamálaráðuneytis þar sem óskað var eftir hækkun framlags í samræmi við launahækkanir kennara. Ekki var ljóst fyrr en í lok árs að beiðnin hefði hlotið samþykki. Kennslu á haustönn var haldið í lágmarki og mikils aðhalds gætt til þess að geta brugðist við niðurskurði sem hefði þurft að koma til á vorönn 2015 ef ekki hefði fengist hækkun á framlagi. Það gerði það að verkum að til er fjármagn sem nýta má á árinu 2015 til að fjölga námskeiðstilboðum. Í kjölfar nýs kjarasamnings sagði einn kennari stöðu sinni lausri frá hausti. Ákveðið var að ráða ekki í stöðuna heldur nýta fjármagnið til þess að ráða verktaka til kennslu.

Þrátt fyrir aukningu á fjármagni til Fjölmenntar 1. janúar 2015 er ljóst að niðurskurður síðustu ára hefur haft mikil áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Minnka hefur þurft framboð námskeiða og nú býðst flestum aðeins eitt námskeið á önn.

## **NÁMSKEIÐ**

Bæklingur fyrir námskeið veturinn 2014-2015 var sendur út í maí til allra sem stunda nám hjá Fjölmennt. Námskeiðin eru einnig auglýst á heimasíðu Fjölmenntar. Haldinn var kynningarfundur fyrir útskriftarnemendur starfsbrauta í byrjun júní.

Í Vínlandsleið sækja að jafnaði um 300 manns námskeið á hverri önn. Kennarar Fjölmenntar eru leiðandi í faglegri þróun og nýjum leiðum í skipulagningu náms fyrir þá nemendur sem mesta sérhæfingu þurfa í námi. Á hverju ári er boðið upp á ný námskeið í bland við vinsæl námskeið sem alltaf er mikil ásókn í.

Námskeiðin eru annaskipt, á vorönn voru haldin 126 námskeið og á haustönn voru þau 133 talsins. Framboð á námskeiðum er fjölbreytt og alls var boðið uppá 69 námskeiðstitla í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

Íþróttir, sund og dans  
Matreiðsla og heimilishald  
Upplifun, virkni og vellíðan  
Myndlist og handverk  
Tónlist og leiklist  
Mál og samfélag  
Tölvu- og upplýsingatækni  
Sjálfstyrking og valdefling

Í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd er boðið upp á bóklega kennslu í ökunámi.

Þegar tekinn var inn nýr hópur á Heilsubraut haustið 2014 var þátttakendum fækkað um helming og stunda 6 manns nú nám þar í stað 12 áður. Var þetta gert til þess að minnka kostnað við brautina.

Námskeiðahald á höfuðborgarsvæðinu er skipulagt bæði hjá Fjölmennt í Vínlandsleið 14 og hjá Mími-símenntun. Til hagræðis fyrir umsækjendur er gefinn út einn bæklingur fyrir báða námskeiðsstaði og sótt um námskeiðin á heimasíðu Fjölmenntar.

Samningur við Mími-símenntun var uppá 10 milljónir á árinu. Gott samstarf er við Mími og sóttu 70-80 manns nám þar á hvorri önn. Á vorönn voru haldin 13 námskeið og 11 námskeið á haustönn. Flest námskeiðin eru haldin í húsnæði Mímis að Höfðabakka 9 en Mímir hefur jafnframt samið við Matvælkólann Sýni, dansskólann Hvönn og Jafnvægi heilsurækt um námskeiðahald.

Námskeiðin hjá Mími eru yfirleitt styttri en í Vínlandsleið og námshópar eru fjölmennari. Þau eru hugsuð fyrir þann hóp nemenda sem er sjálfbjarga með athafnir daglegs lífs og geta stundað nám í hóp á meðan að námskeiðin í Vínlandsleið eru fyrir fólk með flókna fötlun og sem þarf mikla aðlögun að námsefni og kennsluaðferðum.

Fjölmennt fékk styrk úr þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að hanna tveggja anna námsbraut fyrir fólk á einhverfurófi með mikla þjónustuþörf. Vinna við hönnun og skipulagningu námsins hófst á haustönn og tóku fjórir kennarar Fjölmenntar þátt í því starfi ásamt einhverfuráðgjafa stofnunarinnar. Námsbrautin hefur hlotið nafnið *Líf mitt með öðrum*. Námið hefst í febrúar 2015. Þetta er önnur námsbrautin sem boðið er uppá hjá Fjölmennt en mikil eftirspurn hefur verið eftir samfelldu námi.

Á vorönn var haldið eitt tónlistarnámskeið í samstarfi við nemendur á tónlistarbraut í Listaháskólanum. Var það að frumkvæði nemanna en þeir höfðu tekið þátt ásamt Fjölmennt í verkefni með *Share Music*, sænskum listahópi á hátíðinni List án landamæra vorið áður. Námskeiðið var haldið í Listaháskólanum, heppnaðist með ágætum og er gott dæmi um hvernig hægt er að eiga í samstarfi við aðrar menntastofnanir, ekki síst í skapandi listgreinum.

Áframhaldandi samstarf er við Myndlistaskólann í Reykjavík. Upphaf þess má rekja til þess að Myndlistaskólinn hélt námskeið fyrir nemendur Fjölmenntar sem voru niðurgreidd af Fjölmennt. Nokkur ár eru síðan Fjölmennt hætti að niðurgreiða námskeiðin en engu að síður var áfram boðið uppá námið og greiða þátttakendur að fullu fyrir það. Fjölmennt sér um umsýslu, inntöku og skráningu. Ráðgjafar Fjölmenntar hafa að auki séð um ráðgjöf til skólans ef þörf hefur verið á.

Boðið var upp á reglulega fræðslufundi fyrir aðstandendur/starfsfólk heimila þátttakanda á spjaldtölvunámskeiðum og sá verkefnastjóri námsins um fræðsluna. Þetta hefur mælst vel fyrir og þátttaka á fræðslufundum góð.

Á árinu voru haldin tvö námskeið fyrir fólk á einhverfurófi sem hefur einangrast heima hjá sér, er oft án vinnu en býr yfir mikilli hæfni sem ekki hefur fundist farvegur fyrir og aðstæður til að virkja. Annars vegar er um að ræða námskeiðið *Utan eða innan einhverfurófs, hver er munurinn* og hins vegar *Tölvuviðhald og viðgerðir* sem haldið var í samstarfi við Tölvuskólann Promennt með styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem Mímir sótti um vorið 2013. Þessi nemendahópur er nýr hjá Fjölmennt en fellur sannarlega undir skilgreiningu á markhóp stofnunarinnar. Stefnt er að því að auka enn fremur námskeiðstilboð sem sniðin eru að þörfum þessa hóps.

## **STYRKIR OG SAMSTARFSVERKEFNI**

*Sorpa-góði hirðirinn* veitti Fjölmennt styrk að upphæð 1.000.000 til kaupa á búnaði fyrir tónlistardeildina. Búnaður í tónlistarstofu var orðinn lúinn og kom þessi styrkur sér vel. Keypt voru m.a. upptökutæki, hátalarar, mixer, rafmagnstrommuset, gítar og ýmis minni hljóðfæri. Stofan er nú vel búin og geta nemendur í tónlistarnámi fengið heim með sér á diskum góðar upptökur af afrakstri námskeiðsins.

*Lýðheilsustöð* veitti Fjölmennt styrk að upphæð 500 þúsund upp í kostnað við *Heilsubrautina* sem er samfellt tveggja anna nám.

Styrkur fékkst á árinu frá *Erasmus+* sem er náms- og styrkjasjóður Evrópusambandsins. Styrkurinn er ætlaður til námsferða og sótt var um styrk fyrir sex kennara. Námsferðirnar voru báðar farnar í byrjun árs 2015. Sótt hefur verið um aftur í sama sjóð og er markmiðið að allt starfsfólk Fjölmenntar eigi þess kost að sækja sér fræðslu með því að fara erlendis í námsferðir.

Um mitt ár barst beiðni til Fjölmenntar um þátttöku í verkefni sem fjármagnað er af *Nordplus*. Ráðgert er að öll norðurlöndin ásamt Eistlandi, Lettlandi og Litháen taki þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins er að mynda tengslanet fullorðinsfræðsluaðila sem sinna námi fatlaðs fólks. Forstöðumaður Fjölmenntar og ráðgjafi sóttu undirbúningsfund verkefnissins í Kaupmannahöfn í janúar 2015. Ekki er enn ljóst hvort verkefnið hlýtur brautargengi.

Undanfarið hefur borist töluvert af beiðnum um samstarf að verkefnum sem fjármögnuð eru af Nordplus og Evrópusambandinu. Anna Soffía Óskarsdóttir hefur það hlutverk að halda utanum erlent samstarf. Þegar beiðnir berast þarf að meta ávinninginn. Þó svo að fjármagn fylgi verkefnum af þessu tagi þá er vinnan við þau umtalsverð og ekki farið út í samstarf nema augljós ávinningur sé af því fyrir Fjölmennt.

## **ÖNNUR STARFSEMI**

Frá árinu 2011 hefur Fjölmennt annast kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í formi verkefnis sem nefnist „*Sendiherrar samnings SP um réttindi fatlaðs fólks*“. Verkefni þetta var sett á laggirnar að beiðni Landssamtakanna Þroskahjálpar og unnið í samstarfi við samtökin. Verkefnið var fyrsta árið styrkt af PROGRESS áætlun Evrópusambandsins. Þegar því lauk var gerður samningur við velferðarráðuneyti til þriggja ára svo halda mætti verkefninu áfram. Sá samningur var síðan framlengdur út árið 2016. Sendiherrarnir fara víða um land, kynna samninginn og fjalla um réttindamál fatlaðs fólks. Þeir hafa unnið töluvert með réttindagæslumönnum fatlaðs fólks um land allt. Verkefnastjóri er Ásdís Guðmundsdóttir kennari og sinnir hún því starfi í hlutastarfi ásamt því að kenna á námskeiðum Fjölmenntar. Verkefnið hefur víða vakið athygli og var verkefnið kynnt á ráðstefnu í Þýskalandi í september.

Fjölmennt hefur tekið þátt í samstarfsverkefni Þroskahjálpar og Ríkisútvarpsins við framleiðslu sjónvarpsþáttanna *Með okkar augum* sem sýndir hafa verið á RÚV. Fjölmennt styður verkefnið með því að greiða laun aðstoðarmanns. Aðkoma Fjölmenntar að verkefninu er tilkomin vegna þess að áður en þáttaröðin fór af stað fyrir nokkrum árum hélt Fjölmennt námskeið í þáttagerð fyrir sjónvarp. Þátttakendur á því námskeiði vinna að þáttunum í dag.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá byrjun. Fjölmennt tekur árlega þátt í einhverjum atriðum. Hátíðin er haldin um land allt og er mikilvægur vettvangur fyrir fatlað listafólk. Mikil áhersla er einnig lögð á samstarf fatlaðra og ófatlaðra listamanna.

Á hverju vori er haldin *vorhátíð Fjölmenntar*. Hátíðin var haldin í Gullhömrum eins og undanfarin ár. Hátíðina sækja þrjú til fjögur hundruð manns og er hún orðin partur af félagslífi nemenda Fjölmenntar.



*Tónleikar* eru haldnir tvisvar á ári, jólatónleikar í desember og vortónleikar í maí. Á tónleikunum koma fram þátttakendur á tónlistarnámskeiðum Fjölmenntar.

Frá upphafi diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands hefur Fjölmennt greitt laun umsjónarmanns námsins og var hann á launaskrá Fjölmenntar fyrstu 6 árin. Árið 2013 og 2014 styrkti Fjölmennt námið sem svaraði hálfu stöðugildi umsjónarmanns. Við upphaf námsins haustið 2007 var gert ráð fyrir að HÍ fjármagnaði þetta verkefni að fullu þegar frá liði og tæki á því fulla ábyrgð. Fyrir tveimur árum var yfirmanni Menntavísindasviðs gert ljóst að stuðningur frá Fjölmennt félli niður þegar fjórði hópur útskrifaðist vorið 2015. Það er mat stjórnar Fjölmenntar að með diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun hafi verið brotið blað í menntun þessa hóps og að með því sé raungerð sú stefna að allir skuli eiga þess kost að njóta menntunar í skóla án aðgreiningar á öllum skólastigum eins og kveðið er á um í alþjóðlegum mannréttindasamningum.

## **KYNNINGARSTARF**

Með tilkomu heimasíðu og samfélagsmiðla er minni þörf á að kynna starfsemi Fjölmenntar. Nokkur ár eru síðan lagður var af sérstakur kynningardagur vegna lítillar aðsóknar. Áfram er kynningarfundur á vorin fyrir útskriftarnema af starfsbrautum á Reykjavíkursvæðinu þar sem farið er yfir starfsemi Fjölmenntar og hvað er í boði. Mikil tengsl eru við aðstandendur nemenda. Í lok hvers námskeiðs er boðið uppá að þeir komi og fái yfirlit yfir það sem gert hefur verið á námskeiðinu, meta hvernig til hefur tekist og yfirfæra verkefni námskeiðs á heimavettvang.

Töluvert er um að námsmenn, bæði hópar og einstaklingar, komi í heimsókn í Fjölmennt til þess að fræðast um starfsemina. Einnig starfsfólk ýmissa stofnana sem vinna að málefnum fatlaðs fólks.

## 2. STARFSEMI RÁÐGJAFARDEILDAR

Ráðgjafardeildin hefur eitt stöðugildi. Ráðgjafar eru

- Anna Soffía Óskarsdóttir, ráðgjafi vegna mikið fatlaðs fólks í 50% starfshlutfalli
- Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli

Störf ráðgjafardeildarinn eru í sífelldri þróun. Verið er að móta tengsl við hinar ýmsu símenntunarstöðvar, ráðgjöf innan Fjölmenntar, tengsl við talsmenn nemenda og annað starfsfólk vegna yfirfærslu milli námskeiðs og heimilis, almennt fræðsluhlutverk og kennsluráðgjöf.

### RÁÐGJÖF VIÐ STARFSFÓLK FJÖLMENNTAR

Ráðgjöf innan Fjölmenntar heldur áfram að þróast. Ráðgjafar fara inn í kennslustundir og eiga fundi með einstökum kennurum eða kennarahópum. Frumkvæði að ráðgjöf kemur í vaxandi mæli frá kennurum og öðru starfsfólki og stór hluti ráðgjafarinnar fer fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn. Ráðgjafar halda einnig fræðslufyrirlestra fyrir starfsfólk.

Ráðgjafar hafa með sér samstarf eins og áður og sinna ráðgjöf sameiginlega vegna þeirra nemenda sem hafa sérstaklega flóknar þarfir fyrir aðlögun kennsluaðstæðna.

Fundir hópa kennara með hliðstæð viðfangsefni hafa í nokkrum mæli haldið áfram, þar sem ráðgjöfin verður hluti af samráðsferli kennaranna og sameiginlegri lausn á margvíslegum viðfangsefnum í kennslu.

Ráðgjafar fara í auknum mæli með ráðgjöf á heimili fólks sem stundar nám hjá Fjölmennt. Í sumum tilfellum fara þeir með kennurum til að ræða möguleika yfirfærslu viðfangsefna heim.

Einnig hafa ráðgjafar í auknum mæli tekið á móti fólki sem komið hefur til að kynna sér kennsluaðstæður eða búnað. Það hafa verið starfsmenn dagvista/verndaðra vinnustaða, heimila, nemar í verknámi og ráðgjafar annarrar þjónustu. Má þar nefna starfsmenn taugasviðs Reykjalundar og starfsmann Tryggingastofnunar ríkisins vegna tjáskiptabúnaðar.

Ráðgjafi Fjölmenntar fyrir mikið fatlað fólk er í stjórn félagsins *Hugarfars* og í fagráði um málefni fólks með ákominn heilaskaða. Hann tók þátt í að sækja um styrki og koma af stað vinnuhópi til undirbúnings íslensks „höfuðhúss“ með hugmyndafræði Club house.

Einhverfuráðgjafi á sæti í ráðgjafahópi á vegum Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands fyrir Evrópurannsókn sem snýr að ofbeldi gegn fötluðum konum og þeirri aðstoð sem þær fá. Í júní fór einhverfuráðgjafi í fjögurra daga vinnuferð til Vínar fyrir hönd íslenska ráðgjafahópsins.

Einhverfuráðgjafi heldur utan um umræðu- og valdeflingarhópinn *Út úr skelinni* sem samanstendur af fólki á einhverfurófi sem hittist tvisvar í mánuði til að deila reynslu sinni og áhugamálum.

## TENGLI VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Auk þess að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að bjóða fram stuðning og ráðgjöf. Ráðgjafar sendu tölvupósta á allar stöðvar til að minna á þjónustu deildarinnar og héldu fundi með verkefnastjórum margra þeirra, ýmist í Fjölmennt eða úti á stöðvunum.

Einnig heimsóttu ráðgjafar þjónustuaðila á svæðum nokkurra fræðslumiðstöðva til að skoða hverjar óskir fatlaðs fólks á svæðunum væru fyrir námstilboð og aðstoða við að byggja upp tengsl milli þeirra og viðkomandi símenntunarstöðvar.

Anna Soffía hélt utan um tengsl við Vestmannaeyjar, Selfoss, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði. Jarþrúður sá um tengsl við símenntunarstöðvar á Akureyri, Sauðárkróki, Húsavík, Austurlandi og Mími.

Aðstæður hinna ýmsu símenntunarstöðva eru um margt ólíkar sem og þarfir sem fram koma á hinum ýmsu svæðum. Tengsl við félagsleg þjónustukerfi og talsmenn fatlaðs fólks og innbyrðis tengsl stofnana eru ólík. Einnig er mismunandi hversu mikil breidd er í fötlunum fólks á hverju þjónustusvæði, hvaða fatlanir einstaklingar hafa sem þegar fá námskeið og hvar skóinn krepur um frekari þjónustu. Þar sem námstilboð símenntunarstöðvar nær vel til þeirra sem mikið eru fatlaðar hafa menn meiri áhyggjur af því hvernig megi ná til fólks sem er félagslega einagrað vegna fötlunar og nýtur sumt almennt lítillar þjónustu. Sums staðar virðist auðveldara að ná til þess hóps, meðan aðsókn meira fatlaðs fólks er lítil. Á þeim svæðum þarf e.t.v. að benda þjónustuaðilum meira á menntunargildi námskeiða fyrir þá hópa.

Ráðgjafar geta stutt við aukin tengsl símenntunarstöðvanna við aðra aðila í sveitarfélaginu sem veita fötluðu fólki þjónustu í því skyni að þróa námsframboð í samræmi við þarfir og áhuga íbúa á þjónustusvæðum þeirra. Þannig voru í tengslum við heimsóknir ráðgjafa skipulagðir fundir með öðrum þjónustuaðilum á sumum svæðum. Einnig var farið í heimsóknir á heimili fatlaðs fólks og hæfingarstöðvar til að styrkja tengsl og fá fram óskir notenda sjálfra um námstilboð.

Árið 2013 kom fram þörf fyrir almenna kennsluráðgjöf og fræðslu á símenntunarstöðvunum, en færri óskir þar að lútandi hafa komið fram á árinu 2014.

## ÖNNUR VIÐFANGSEFNI

Samstarf vegna þróunarverkefnis Símenntunarstöðvar Vesturlands og Fræðslunetsins á Suðurlandi um Listnámsbraut fyrir mikið fatlað fólk var einkum varðandi yfirlestur og ábendingar um námskrárþætti tengda einhverfu og miklum fötlunum. Einnig við Mími vegna tölvunámskeiðs fyrir einhverft fólk. Þá vann einhverfuráðgjafi á haustönn náíð með hópi kennara að þróun námsins *Líf mitt með öðrum*. Einnig var aðstoðað við umsókn þriggja stöðva um Erasmus styrk fyrir sameiginlegar námsferðir. Frumkvæði að samstarfi liggur hjá símenntunarstöðvunum.

Einn fundur verkefnastjóra í símenntunarstöðvum var haldinn í Fjölmennt að frumkvæði verkefnastjóra á Vestfjörðum og Vesturlandi, þar sem mættu auk þeirra verkefnastjórar á Suðurlandi, Reykjanesi, og Austurbrú ásamt ráðgjöfum og forstöðumanni Fjölmenntar.

## SAMANTEKT

Á árinu hefur almenn tengslamyndun haldið áfram að vera mikilvægur þáttur í samstarfinu við símenntunarstöðvarnar auk þess sem ráðgjöf við einstaka leiðbeinendur hefur aukist. Áfram hefur verið lögð áhersla á ráðgjöf fyrir þá einstaklinga sem þurfa mjög sérhæfðar kennsluleiðir, fólk á einhverfurófi og mikið fatlað fólk með fjölþættar skerðingar.

### 3. NÁM FYRIR FÓLK MEÐ GEÐFÖTLUN

Eins og fram kom í ársskýrslu 2013 hefur nokkur óvissa ríkt um framtíð verkefnisins *Nám fyrir fólk með geðfötlun* á undanförunum árum. Útvistun til Námsflokka Reykjavíkur gekk til baka og fluttist verkefnið aftur til Fjölmenntar. Stjórn Fjölmenntar hafði hug á að vinna frekar að útvistun árið 2014 og voru skoðaðar leiðir í þeim tilgangi. Meðal annars var leitað samvinnu við Hringsjá. Haldið var eitt tölvunámskeið hjá Hringsjá en ekki varð af útvistun verkefnisins í heild.

Starfsemi verkefnisins árið 2014 einkenndist að mörgu leyti af sömu óvissu og ríkt hefur undanfarin ár. Umsóknum fækkaði nokkuð milli anna eins og gerst hafði árin á undan. Verkefnisstjóri ákvað að á meðan þessi óvissa ríkti, yrði starfseminni lítið breytt milli anna og því ákveðið að framboð námskeiða á vorönn 2014 yrði svipað og á haustönn 2013 og þau haldin hjá sömu aðilum. Engin námskeið voru haldin í húsnæði Fjölmenntar í Vínlandsleið en þau haldin á ýmsum stöðum t.d. hjá Myndlistarskóla Kópavogs, Tölvuskólanum Promennt og hjá Klúbbnum Geysi ásamt fleiri stöðum. Kennarar hafa verið hinir sömu að mestu leyti og í raun verið kjölfesta námskeiðanna gagnvart nemendum. Þó að boðið sé upp á svipuð námskeið frá ári til árs, þ.e. námskeið með sama heiti, þá hafa þau mótast með þeim einstaklingum og sem þau hafa sótt hverju sinni enda undantekningarlaust um góða kennara að ræða sem þekkja þennan nemendahóp orðið vel.

Í stefnuskrá Fjölmenntar er lögð áhersla á að fatlað fólk hafi tækifæri til að sækja þjónustu hjá sömu aðilum og ófatlaðir. Í mörg ár var unnið jafnt og þétt að því að færa námskeið fyrir fólk með geðfötlun út til annarra menntastofnana og ýmissa aðila sem bjóða upp á námskeið. Mikil vinna var lögð í undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni í þessu tilliti. Mikil reynsla af þeirri vinnu liggur hjá þessum aðilum og hjá verkefnisstjóra að ógleymdri reynslu nemenda sem hefur skilað sér í auknum lífsgæðum.

Í mars 2015 var settur af stað hópur til að vinna að stefnumótun verkefnisins. Mikilvægt er að sem fyrst verði tekin ákvörðun um framtíð námsins. Sú vinna þarf að fara fram í samstarfi við notendur, umboðsmenn þeirra og aðra þá sem starfa í þeirra þjónustu.

Anna Filippía Sigurðardóttir er verkefnisstjóri námsins fyrir fólk með geðfötlun og er jafnframt kennari hjá Fjölmennt.

#### 4. SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Árið 2014 voru gerðir samningar við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni og námu framlög til þeirra samtals 51.998.544 krónum. Ráðgjafar Fjölmenntar eru faglegir tengiliðir við stöðvarnar og fylgjast með þeim tilboðum sem fötluðu fólki á viðkomandi svæði býðst. Þeir heimsækja stöðvarnar einu sinni til tvisvar á ári og funda þá einnig með þjónustukerfum fatlaðs fólks á viðkomandi svæði. Eftir hverja önn skila stöðvarnar skýrslu um námskeið annarinnar og uppgjör framlagsins frá Fjölmennt. Í samningum sem gerðir eru við stöðvarnar er lögð mikil áhersla á að samvinna sé við þátttakendur og þjónustukerfi á viðkomandi svæði þegar ákvörðun er tekin um námskeiðstilboð. Dæmi eru um að þátttakendur á námskeiðum Fjölmenntar hafa að þeim loknum hafið nám á almennum námskeiðum stöðvanna. Samvinna við Fjölmennt hefur því opnað dyr sem áður voru lokaðar fötluðu fólki.

Hjá símenntunarstöðvunum á landsbyggðinni er víða öflug starfsemi. Stöðvarnar reyna að auka starfsemina fyrir markhóp Fjölmenntar með því að leita sér styrkja. Þær sækja um í Þróunarsjóð framhaldsfræðslu, til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og til fyrirtækja á viðkomandi svæðum.

#### ÞRÓUNARVERKEFNI SÍMENNTUNARSTÖÐVANNA

Frá hausti 2014 vann hópur fólks hjá Fræðsluneti Suðurlands og Símenntun Vesturlands að hönnun *Listnámsbrautar* sem er 180 stunda námsbraut. Þetta er þróun á nýju námi þar sem lögð er áhersla á að mæta þörfum fólks með mikla þroska- og hreyfihömlun og/eða einhverfs fólks. Áhersla er á sköpun, upplifun og þátttöku og er markmiðið m.a. að auka tækifæri fatlaðs fólks til að öðlast nýja reynslu í gegnum listnám. Námskrágerð fór fram árið 2014 og á vorönn 2015. Styrkur fékkst úr þróunarsjóði framhaldsfræðslu fyrir hönnun námsins. Stjórn Fjölmenntar samþykkti að styrkja stöðvarnar svo hægt verði að kenna brautina skólaárið 2015-2016. Ráðgjafar Fjölmenntar ásamt tveimur listgreinakennurum komu að hönnun brautarinnar.

*Nám og starf* er 200 stunda námsbraut sem hófst haustið 2014 hjá Fræðsluneti Suðurlands. Náminu lýkur vorið 2015. Námið er 150 kennslustundir í bóklegu námi og 50 kennslustundir í verklegu námi. Námið inniheldur vinnustaðakynningar og starfsþjálfun í samvinnu við ýmis fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi. Flestir þátttakendur eru fólk á einhverfurófi. Markmið þessarar námsbrautar er að þátttakendur öðlist jákvæða reynslu á vinnumarkaði. Einnig að skapa tengsl á milli þátttakenda og atvinnurekenda eða stjórnenda stofnanna og vinnustaða sem tóku þátt í verkefninu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir námið.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum bauð í annað sinn upp á námsbrautina *Hugur og heilsa*. Námsleiðin er 60 kennslustundir auk einstaklingsviðtals við iðjuþjálfra fyrir hvern nemanda áður en námskeiðið hófst. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Björgina, geðræktarmiðstöð á Suðurnesjum.

Á vorönn eru námskeið í listgreinum gjarnan skipulögð þannig að afrakstur námskeiðs er sýndur á hátíðinni *List án landamæra* á viðkomandi stað.

Aukin þekking er að byggjast upp á stöðvunum varðandi skipulagningu og kennslu námskeiða fyrir fatlað fólk. Sjáanlegur munur er á þeim stöðvum sem hafa bolmagn til þess að hafa starfsmann í skilgreindu hlutfalli til að sinna utanumhaldi með námskeiðunum. Hjá minni stöðvunum er skipulagsvinnu bætt við önnur verkefni og þar af leiðandi er ekki sami kraftur í starfsemi og hjá þeim sem hafa þessa vinnu í sinni starfslýsingu. Ráðgjafar Fjölmenntar gegna lykilhlutverki í samskiptum við stöðvarnar.

## LOKAORÐ

Árið 2014 var mikil óvissa um fjárframlag til Fjölmenntar. Nú þegar ljóst er að aukning fékkst sem nemur launahækkunum kennara er hægt að bæta í starfsemina á árinu 2015. Ráðgert er að bjóða upp á námskeið í júní en það hefur ekki verið gert áður. Um er að ræða stutt námskeið sem tengjast árstíðinni og verður það góð viðbót við starfsemi Fjölmenntar.

Það er mjög ánægjulegt að náðst hafa samningar við Kennarasamband Íslands um nýjan samning fyrir kennara Fjölmenntar. Eins og áður er rakið munu þær breytingar sem gerðar hafa verið hafa í för með ýmis tækifæri og verða til hagsbóta fyrir stofnunina.

Hjá starfsfólki Fjölmenntar liggur mikil þekking og vel væri hægt að útvíkka starfsemina og bæta við nýjum verkefnum ef aukið fjármagn kæmi til. Sem dæmi má nefna ráðgjöf til starfsfólks heimila fyrir fatlað fólk. Mikil eftirspurn er eftir námskeiðum í heimilishaldi sem Fjölmennt býður uppá á heimilum fólks. Þessi námskeið eru kostnaðarsöm og ekki hægt að bjóða nema nokkur á önn. Hægt væri að bjóða sveitarfélögum að kaupa þessa þjónustu af Fjölmennt. Annað dæmi að nýrri starfsemi er þróun atvinnutengds náms fyrir ungt fólk sem er án atvinnu.

Mikil og góð reynsla er að byggjast upp á símenntunarstöðvum um land allt í kennslu fyrir fatlað fólk. Víða er mikill kraftur í starfseminni og mikilvægt er að hlúa áfram að tengslum við stöðvarnar.

Starfsemi Fjölmenntar á árinu einkenndist af krafti og sköpun. Starfsmannavelta er lítil og undirstaða starfseminnar er það góða starfsfólk sem vinnur hjá stofnuninni. Stöðugt er verið að vinna ferla sem tryggja faglega umgjörð um starfsemina og framundan er að klára vinnu við European Quality Mark (EQM) gæðakerfið.

Reykjavík, apríl 2015

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar